



Pési

Næsti Pési kemur út í febr 2017. Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. febr** 2017.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu og vonandi ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Minum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánnum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Sjáumst á bókasafninu ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Svo er um að gera að „líka við“ bókasafnið á  Facebook



Bókasafn Hrunamanna
Bókasafn

Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi í húsinu



jan 2017
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
311.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Árið 2017 er runnið upp og áfram mallar þetta, ár eftir ár. Áramót eru tími uppgjors og áætlana og nú er verið að vinna að því að koma samþykktum verkefnum fyrir árið 2017 í framkvæmd. Óvissa er reyndar um hvort nokkur stór verkefni einkaaðila fari af stað sem kalla á framkvæmdir af hálfu sveitarfélagsins en ég held að við séu þokkalega undirbúin ef þau fara af stað. Við fyrstu sýn ætti árið 2016 að líta þokkalega út fjárhagslega fyrir sveitarfélagið en ytri aðstæður eins og verðbólga og almenn umsvif hafa verið okkur hagstæð. Það skilar sér einnig í auknum framlögum úr Jöfnunarsjóði því ef ríkinu gengur vel njótum við að einhverju leyti líka þó oft finnst okkur nú samt vera vitlaust gefið. Endanlegt uppgjör fyrir sveitarfélagið liggur síðan ekki fyrir en áreikningur 2016 er lagður fram í apríl.

Eitt er þó ljóst og sýnir þenslu í samfélaginu að kostnaður við eyðingu og meðhöndlun sorps hefur aukist verulega á milli ára. Stafar það fyrst og fremst af auknu magni af úrgangi milli ára og einnig meðhöndlunar á gámasvæði. Skv. lauslegu mati sýnist mér að magn og kostnaður sé að aukast um 20% á milli ára en það er einnig svipuð aukning og varð á árinu 2015. Við munum þó fara í aðgerðir til að geta aðgangsstýrt gámasvæðinu á árinu og einnig er mikil vinna í gangi hjá Sorpstöð Suðurlands að skoða skipulag og framkvæmd á úrgangsmálum á öllu Suðurlandi. Ljóst er samt að allt stefnir í að fólki og fyrirtækjum verði gert að flokka enn frekar og herða reglur. Eitt lítið atriði sem okkur varðar er að Heilbrigðiseftirlitið gerir athugasemdir við að garðyrkjuplöntur úr gróðurhúsum séu afsettar á gámasvæðinu með plastböndum. Á næstu tveim árum þarf því sveitarfélagið og garðyrkjubændur að finna út lausnir á þessu en þá verðum við að hætta að taka á móti þessum úrgangi með þessum hætti. Þá vil ég vekja athygli á að sorphirðudagatal fyrir árið 2017 er komið út og er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ég vil benda fólki á að nú er komin upp rafhleðslustöð á Flúðum og er hún staðsett á norðurhlið félagsheimilisins. Að mínu mati er ljóst að á næstu árum munu verða straumhvörf í notkun rafmagnsbíla á landsvísi og sveitarfélagið er að spá í að næsta vinnubifreið sveitarfélagsins verði rafmagnsbíll þannig að við getum gengið fram með góðu fordæmi.

Vonandi förum við síðan að sjá „ljósið“ á næstu árum en sveitarfélagið mun í samvinnu við nágrannasveitarfélögin í vestri taka þátt í útboði Fjarskiptasjóðs vegna styrkveitinga á lagningu ljósleiðara í sveitarfélögunum. Við sjáum hvað kemur út úr þessu núna en við lítum svo á að þetta sé þriggja ára verkefni að ljósleiðaravæða öll sveitarfélögin. Vonandi verður síðan núna í janúar boðnar út framkvæmdir við Langholtsveginn því ekki veitir af að auka við þá vegi í sveitarfélaginu sem lagðir eru bundnu slitlagi. Góðar samgöngur, hvort sem það er á landi, legi eða í ljósi skipta okkur öll geysilegu máli og eru í raun grundvöllur þess að jafnræði ríki í þessu landi.

Annars erum við á skrifstofunni sveitt þessa dagana að skipta um bókhaldskerfi en nú er búið að loka gamla SFS kerfinu og DK kerfið verður tekið í notkun í þess stað. Við höfum „miklar“ væntingar til þess að með því að skipta um bókhaldskerfi gjörbreyti það rekstri sveitarfélagsins!!!!

Árið 2016 og jólin voru kvödd með brennum um áramót og „helgarþrettándanum“ auk glæsilegrar flugeldasýningu hjá Björgunarfélaginu Eyvindi. Vil ég þakka öllum sjálfbodaliðum sem komu að þessum viðburðum til að gleðja okkur hina. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri



Oddvitapistill!

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur

Við upphaf nýs árs er gott að setjast niður og fara yfir árið sem var að líða. Líðið ár hefur verið okkur nokkuð gott hjá sveitarfélaginu og margt hefur verið um að vera.

Jón sveitarstjóri hefur í sínum mánaðarpistlum talið upp það helsta sem við erum að gera og ætla ég því bara að stikla á nokkrum málum hér í mínum pistli.

Vinna við endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps hefur tekið mikinn tíma hjá sveitarstjórn á síðasta ári en nú er að sjá fyrir endann á þeirri vinnu. Hrunamannahreppur var fyrsta sveitarfélagið sem fór í endurskoðun aðalskipulags eftir að ný landskipulagsstefna var samþykkt. Hefur það sett töluverða auka vinnu á verkefnið að samræma skipulagið við stefnuna sem veldur því að ekki náðist að klára skipulagið á árinu 2016. Nú er aðalskipulagið á leið í auglýsingu og hvet ég alla til að skoða það vel og kynna sér og koma með athugasemdir, sé þess þörf, áður en það fer til staðfestingar. Hægt er að skoða aðalskipulagið á netinu á slóðinni

<http://www.fludir.is/endurskodun-adalskipulags-hrunamannahrepps/>
eða koma til okkar á skrifstofuna og skoða útprentað eintak.

Drög að nýju skipulagi fyrir Grafarsvæðið var kynnt á íbúafundi á árinu.

Sú vinna hefur verið í biðstöðu meðan verið er að klára aðalskipulagið.

Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttum húsakosti og töluvert af minni íbúðum sem við vonumst til að verði eftirsóttar hjá yngra fólki og verði til þess að fleiri fjölskyldur velji að flytja til okkar. Það er vöntun á húsnæði í sveitarfélaginu og þá sérstaklega minni íbúðum.

Í ljósi þess hefur sveitarstjórn ákveðið að breyta skipulagi raðhúsalóðarinnar á Smiðjustíg 11 úr þrem íbúðum í fimm og gæti það leyst vandann eitthvað þar til fleiri lóðir fyrir minni íbúðir verða tilbúnar. Eitthvað hafa verktakar verið að sýna Smiðjustígslóðinni áhuga og vonum við að það gangi eftir.

Á síðasta ári voru samþykkt ný lög um almennar íbúðir með það að markmiði að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum í því skyni er ríki og sveitarfélögum heimilt að veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda.

Sveitarstjórn hvetur byggingaraðila og fyrirtæki til að skoða möguleika þessara nýju reglna og lýsir vilja sínum til að koma að slíku verkefni.

Sveitarstjórn ákvað í byrjun árs 2016 að óska eftir samvinnu við Umhverfisstofnun og Umhverfissráðuneytið að vinna að friðlýsingu Kerlingarfjalla með það að markmiði að nýta friðlýsingu sem verkfæri í verndun náttúrunnar á svæðinu. Með því mætti vernda hina jarðfræðilegu sérstöðu, fágætt og sérstakt landslag, en um leið að nýta þau miklu tækifæri til útivistar og sjálfbærrar ferðamennsku sem gefast á svæðinu. Mikill ferðamannastraumur er í Kerlingarfjöllum og voru um 21.000 manns sem heimsóttu fjöllin á árinu 2016. Nú eru friðlýsingarskilmálar tilbúnir og stefnum við að því að skrifa undir þá samhliða því að við skrifum undir nýtt aðalskipulag á næstu mánuðum.

Í lok árs var fjárhagsáætlun fyrir 2017 samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu samstæðunnar um 44 milljónir. Nettófjárfestingar ársins verða um 56 milljónir. Skiptast þær þannig að við áætluum 14 milljónir í gatnagerð í Akurgerði, 10 milljónir vegna vinnu við íþróttasvæði, 4 milljónir í fráveitu, 5 milljónir í vatnsveitu, 18 milljónir í hitaveitu og 5 milljónir í vinnu vegna ljósleiðaravæðingar. Þetta eru allt nauðsynleg verkefni og verður gott að geta farið í þau. Á síðasta ári hefur verið unnin mikil undirbúningsvinna vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðarar í sveitarfélaginu. Búið er að teikna upp kerfið og grófhanna. Nú erum við, í samvinnu við Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshrepp, að sækja um styrk í Fjarskiptasjóð vegna verkefnisins „Ísland ljóstengt“ og ef allt fer eins og við vonumst eftir gerum við ráð fyrir því að eftir 3 ár verði allir bæir í sveitinni ljósleiðaravæddir.

Mikil og góð samvinna er við önnur sveitarfélög um málefni sem koma að rekstri og þjónustu sem sveitarfélaginu ber að veita. Það er gott að geta átt í góðri samvinnu um þessi málefni því án hennar væri það illgerlegt fyrir okkur að geta veitt þessa þjónustu.



Í sumar var settur saman vinnuhópur um að skoða kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu. Þar eiga öll sveitarfélög í Árnassýslu, nema Bláskógabyggð sem kaus að vera ekki með, sína fulltrúa. Þessir fulltrúar hafa hist á fundi til að ræða saman og á þeim fundi var ákveðið að fara í greiningu á kostum og göllum sameiningar á svæðinu. Öll sveitarfélög í sýslunni hafa samþykkt að taka þátt í greiningarvinnunni. Það er nauðsynlegt að skoða þessi mál vel og geta tekið upplýstar ákvarðanir um framhaldið.

Skólarnir okkar hafa starfað vel og skilað af sér góðum nemendum. Þar er unnið gott starf og alltaf gaman að kíkja við og skoða þau margvíslegu verkefni sem þar eru unnin. Ég vil þakka starfsfólki skólanna fyrir vel unnin störf. Einnig vil ég þakka nemendum skólanna fyrir það sem þau leggja á sig til að gleðja samfélagið eins og t.d með vorsýningu leikskólans, árhátíð Flúðaskóla og fleiri flottum verkefnum.

Einnig langar mig að koma því á framfæri að oft hefur verið komið að máli við mig og ungdómnum okkar hrósað fyrir kurteisi og góða framkomu og hvað þau eru sér og sínum til mikils sóma. Þetta hefur verið hvort sem er í starfi skólanna eða í barna- og unglingastarfi félaganna okkar. Það er gaman að heyra þetta og eiga þau það hrós sannarlega skilið.

Hér í sveit starfa mörg félög og er óhætt að segja að hægt væri að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera hvern dag vikunnar ef maður stundaði allt það sem er í boði. Mörg þeirra eru öflug í barna- og unglingastarfi og er það ómetanlegt að geta boðið ungdómnum okkar uppá öflugt og fjölbreytt tólstundarstarf. Vil ég þakka öllum þessum félögum fyrir gott starf í þágu samfélagsins.

Í byrjun júní tók ég við oddvitastarfinu og hefur það verið heilmikill skóli að taka við þessu starfi og gaman að takast á við þær áskoranir sem mæta manni þar. Mikil og góð samvinna er í sveitarstjórn og er gott að geta unnið í sameiningu að málafnum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið er ríkt af góðu starfsfólki og vil ég þakka því fyrir góð störf. Einnig vil ég þakka öllu því nefndarfólki okkar sem situr í nefndum sveitarfélagsins. Það eru ófá verkefni sem þau sjá um og verður að segjast að nefndir okkar eru mjög virkar og vinna góð verk í þágu samfélagsins.

Ég vil að lokum óska ykkur öllum gleðilegs árs með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem var að líða.

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps

Samkaup strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 10:00-18:00

Sími: 486 6633

Framkvæmdir við Kópsvatnsholuna



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Verð ekki við næstu miðvikudaga.

Mun auglýsa þegar ég kem aftur til starfa.

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Menningarklasi uppveita Arnessýslu

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heiljvind frá landnámi



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is


Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



BAÐSTOFUKVÖLD Á FLÚÐUM **3. FEBRÚAR 2017**

 Vörðukórinn stendur fyrir baðstofukvöldi í Félagsheimili Hrunamanna föstudagskvöldið 3. febrúar 2017 kl:20,30. Fjölbreytt dagskrá. Krásir í hléi sem gleðja munu matgæðinga. Takið kvöldið frá því um mikinn menningarviðburð er að ræða eins og alltaf.

Nánari auglýsinga verður dreift síðar.

Vörðukórinn.



SMARI



Hans Þór Hilmarsson tamningarmaður og reiðkennari verður með reiðtíma í Reiðhöllinni á Flúðum annan hvern mánudag. Kennt verður frá fjögur og fram á kvöldið. Hægt er að fá hálf tíma einkakennslu eða tveir saman í klukkutíma. Boðið verður upp á fimm skipti, námskeiðið byrjar 6. febrúar. Verð fyrir hálf tíma einkakennslu er 4000 kr og 8000 kr fyrir klukkutíma. Skráning fer fram á smari@smari.is skráningu lýkur 1. febrúar. Hans Þór Hilmarsson er útskrifaður tamningarmaður og reiðkennari frá Hólum, hann starfar við tamningar og þjálfun ásamt unnustu sinni Söru Rut Heimisdóttur á Kílhrauni. Hans eða Hansi hefur tamið og þjálfað mörg af fremstu hrossum landsins ásamt að hafa verið framarlega á kynbótabrautinni og keppnisbrautinni á síðustu árum.

Þorrablót—Þorrablót— Þorrablót.

Þorrablót kvenfélagsins verður haldið 28. janúar n.k. nánar auglýst síðar.



Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara, í Heimalandi á Flúðum.

Skógað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki berast umsóknir fyrir 20. janúar nk.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is





Unnið við uppsetningu rafhleðslustöðvar, en hún er staðsett á norðurhlíð Félagsheimilisins á Flúðum.



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANNSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Þekkir þú 5:2 mataræðið?

ekkert hungur, ekkert angur, bara árangur

Kynningarkvöld sunnudaginn 15. janúar kl. 20:30

í Kistuholti 3b Reykholti.

Herdís Friðriksdóttir stuðningsfulltrúi hópsins verður

með fyrirlestur um sína reynslu af 5:2

á fyrsta fundinum.

Tilkynntu þátttöku á lully@simnet.is eða

í síma 861-7888

Júlíana Magnúsdóttir

Húsnæðisbætur!

Ný lög um húsnæðisbætur tóku gildi 1. janúar 2017.

Greiðslustofa húsnæðisbóta tekur yfir verkefni sveitarfélaga varðandi útgreiðslu húsnæðisbóta. **Vefur Greiðslustofunnar er: husbot.is**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á hinum nýja vef.

Húsnæðisbætur barna að 18 ára aldri og sérstakar húsnæðisbætur verða áfram hjá sveitarfélögunum.



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða og Gnúpverjahr.

Ög allar sumarþústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224



Brynningarskálar - Vatnskör



Verð kr.
3.548



Verð kr.
5.990



Verð kr.
6.850



Verð kr.
7.790



Verð kr.
11.590



Verð kr.
12.480



Verð kr.
7.950



Verð kr.
8.790



Verð kr.
13.790



Verð kr.
20.090



Verð frá kr.
53.290



Verð frá kr.
97.726



Verð frá kr.
97.726

Einföld rúllugreip Frábært verð

Kr. 79.251
m/vsk



Rúllugreip sem tekur tvær rúllur



Með glussatjökkum til að færa armana inn og út

Kr. 345.464 m/vsk



Steinbitar

Eigum flestar stærðir af steinbitum á lager

Hafið samband og leitið tilboða



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is



Hjónaball 4. mars 2017



Undirbúningur fyrir **Hjónaballið 2017** er kominn á fullt skrið. Nú sem endranær verður engu til sparað svo að samkoman verði sem glæsilegust.

Búið er að ráða metnaðarfulla veislukokka sem ætla að bjóða veislugestum uppá girnilegan matseðil. Hjómsveitin **Albatross** mun leika fyrir dansi en hana skipa frábærir tónlistarmenn. Má þar meðal annars nefna Sverri Bergmann söngvara frá Sauðárkróki og Halldór Gunnar Pálsson gítarleikara frá Flateyri og kórstjóra Fjallabræðra. Halldór Gunnar samdi m.a. þjóðhátíðarlagið 2016 sem svo sannarlega sló í gegn, hver veit nema það verði tekið á Hjónaballinu? ☺

Nánari upplýsingar þegar nær dregur. **Munið að taka laugardaginn 4. mars frá.**

Bestu kveðjur,
Hjónaballsnefndin

Klippið út og setjið á isskápinn!



S.S.fréttir.

Hinn árlegi deildarstjórafundur, Sláturfélags Suðurlands var haldinn á Hvolsvelli 9. des.sl. Farið var yfir það helsta í rekstri félagsins, á fyrri helmingi ársins. Fram kom í máli Steinþórs forstjóra að þrátt fyrir þungan rekstur, þá mætti samt vel við una. Þann 22. febr.nk. verður sameiginlegur deildafundur, Gnúpverja, Skeiða og Hrunamannadeilda haldinn í félagsheimilinu á Flúðum. Þar verður m.a. farið yfir rekstrarárið, í heild sinni. Nánar auglýst þegar nær dregur. Vakin er sérstök athygli á nýrri verðskrá Yara áburðar, með 25% verðlækkun milli ára..

Kæru sveitungar. Sláturfélag Suðurlands óskar ykkur góðs gengis, á nýju ári og þakkar fyrir ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Um leið og ég þakka góðar stundir á árinu 2016 leyfi ég mér að birta á þessum vettvangi lokaorð úr áramótaráæðu sem flutt var á gamlársmorgun: Í einhverri snjöllustu ljóðabókinni sem út kom fyrir þessi jól yrkir Sigurður Pálsson:

Hvað sem hver segir
byggir friður á réttlæti
hvað sem hver segir
er fegurðin ekki skraut
heldur kjarni lífsins
Já gefðu mér rödd
gefðu mér spámannsrödd
til að bera fegurðinni vitni
Gefðu mér rödd
til að bera réttlætinu vitni

Skilaboðin eru skýr: Fegurðin er ekki skraut heldur kjarni lífsins. Raddir fegurðar og réttlætis þurfa meira rými í samfélagi okkar Íslendinga. Og iðkun. Megi árið 2017 verða farvegur fyrir okkur öll til slíkrar iðkunar. Hvað skiptir mestu? Í hverju felst hamingja og gott líf? Nýtt ár rennur upp með nýjum tækifærum og margt úr gamla árinu tókum við með okkur. Sorgir, sigrar, velgengni, mistök. Nýtum það til góðs, til uppbyggingar, lærdóms og þroska. Kæru vinir. Kirkjan er og verður staðurinn til að ná sambandi, kyrrð og ró, sálarró. *Gott er að biða hljóður eftir hjálp Drottins*, segir í Ljóðaljóðum Biblíunnar. Og það er mikilvægt sem aldrei fyrr. Af því að innra með okkur er uppspretta fegurðar, friðar og réttlætis. Guð gefi þér og þínum, samfélagi okkar, landi og þjóð, gleðilegt nýtt ár.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Framundan í helgihaldinu (ath. dagskrá helgihaldsins á vormisseri verður dreift í öll hús í prestakallinu fljótlega):

22. jan.: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *kvöldmessa með létttri tónlist* í Hrunakirkju kl. 20:30.

5. feb.: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrepphóla­kirkju kl. 11.

Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á heimasíðu prestakallsins,

hruni.is og á facebook.com/hrunaprestakall

Þann 30. desember fór fram firmakeppni í körfubolta í íþróttahúsinu á Flúðum á vegum körfuknattleiksdeildar UMFH. Þetta mót á sér orðið nokkurra ára sögu og hefur verið haldið reglulega í gegnum árin og yfirleitt í kringum áramót. Leikið er 4 gegn 4 og hafa ungir sem aldnir hópað sig saman í lið og leika liðin svo gegn hvort öðru þar til sigurvegari finnst. Að þessu sinni var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu hjá þeim yngri, þ.e.a.s. börnum 11 ára og yngri. Þar var sá háttur hafður á að dregið var í lið með spilastokk og spiluðu krakkarnir saman eins og spilin sögðu til um. Með þessum hætti voru spilaðar 5 umferðir. Hver keppandi hélt svo stigum síns liðs út mótið og sá sem flest stigin hlaut að loknu mótí stóð upp sem sigurvegari. Það má sannarlega segja að þetta fyrirkomulag hafi gefið góða raun og er að öllum líkindum komið til að vera.

Hjá yngri iðkendum, 11 ára og yngri, voru 25 keppendur mættir til leiks. Að vanda sáust mörg glæsilegt tilþrif í keppni þeirra yngri og gaman að sjá hversu vel krakkarnir spiluðu saman. Allir keppendurnir 25 drógu firma til að keppa fyrir, en alls voru 41 fyrirtæki eða einstaklingar sem styrktu mótið. Í eldri flokknum, 12 ára og eldri, var keppt eftir gamla fyrirkomulaginu, liðin sem sagt mynduð fyrir mótið. Þar voru mætt 9 lið til leiks, alls um 45 manns. 3 lið voru í kvennakeppni og 6 karlamegin. Úrslit voru eftirfarandi:



Stelpuflokkur

1. Auðsholt 1 – Valdís Una Guðmannsdóttir
2. Hrosshagi – Lilja Björk Sæland
3. Límtré – Guðrún Lilja Árnadóttir

Strákaflokkur

1. Leikskólinn Undraland - Óðinn Freyr Árnason
2. Íþróttahúsið Flúðum - Patrik Gústafsson
3. Garðyrkjustöðin Espiflöt - Fróði Larsen

Kvennaflokkur

1. Bryðjuholtsbúið – Gömlurnar
2. Birtingaholt 1 – Lillurnar
3. Kjöt frá koti – Hrunamannaguggurnar


Karlaflokkur

1. Hvammur 1 – Old boys
2. Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Tapari
3. SR Grænmeti – Riding tours south Iceland

Körfuknattleiksdeildin sendir þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem leitað var til bestu þakkir fyrir stuðninginn og jákvætt viðmót.

Meðfylgjandi er listinn yfir þau firma sem styrktu mótið:

Límtré, Fótboltagolf, Flúðaverktakar, Árni Hjalta, Alli og Magga Hrafnkelsstöðum, Geysir hestar, Fögrusteinar, Grænna land, Hvammur 1, Silfurtún, Veitandi, Birtingaholt 1, Fjallarafl, Flúðaskóli, Leikskólinn Undraland, Áhaldahús Hrunamannahrepps, Hitaveita Flúða, Hvítárdalur, Túnsberg, Kotlaugar, Hús og stigar, Bryðjuholt, SR Grænmeti, Riding tours south Iceland, Sauðfjárnúið Syðra-Langholti, Kjöt frá koti, Auðsholt 1, Espiflöt, Hrosshagi, Goðafélagið, Kaffi Grund, Þrándarholt, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hitaveita Brautarholts, Sauðfjárnúið í Hruna, Íþróttahúsið Flúðum, Hrepphólar, Iceland is cool, Secret local adventures, Gröfutækni





Frá Félagi eldri Hrunamanna

Árshátíð félagsins verður haldin
sunnudagskvöldið 12. febrúar í
Félagsheimilinu (ath. breytta dagsetningu frá
auglýsingu í seinasta Pésa).

Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl.

19:30.

Fjölbreytt skemmtiatriði og að þeim loknum verður dansað undir stjórn Karls Hallgrímssonar.

Pantanir berist fyrir ***miðvikud. 8. febrúar*** til Bubbu í síma 486 6670/ 893 3674 eða til Eddu í síma 486 6577/ 862 0572.

Fjölmennum og höfum gaman saman. Takið með ykkur gesti.

----000----

Opið hús

Opið hús verður miðvikudaginn 18. janúar kl. 14:00 í Félagsheimilinu.

Leikskólanemendur koma í heimsókn, gamansögur, upplestur og séra Óskar spjallar við okkur. Kaffisala að dagskrá lokinni.


----000----

Suðurlandsmót í BOCCHIA verður laugardaginn 1. apríl á Hvolsvelli.

Við erum beðin að senda þátttakendur á mótið. Ef einhverjir hafa áhuga að hefja æfingar og fara fyrir okkar félag á þetta mót þá vinsamlegast hafið samband við

Björgu, Kötu eða Loft sem fyrst.

Bestu kveðjur, stjórnin



PUB QUIZ

Laugardaginn 21.janúar kl. 22.00 verður pub quiz á Kaffi Grund og trúbadorastemming á eftir. Meistaraflokkur karla í körfunni stendur fyrir viðburðinum og er kvöldið til fjáröflunar fyrir líðið. Þetta er 1. pub quizið á nýju ári og fólk hvatt til þess að grípa tækifærið og skemmta sér saman.

Karlasport

Mánudaginn 16.janúar hefst 9 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 13.000 krónur.

Æfingatímar: Mánudagar 18:30-19:30 og miðvikudagar 19:40-20:40.

Margrét Guðmundsdóttir sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hún við skráningum á netfangið

margretg@fludaskoli.is ásamt því að svara spurningum um karlasportið.





Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2017

| janúar | | | | | febrúar | | | | | mars | | | | |
|--------|-----|-----|-----|-----|---------|-----|-----|-----|-----|------|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim |
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 | 3 | 4 | | 1 | 2 | 3 | 4 | |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 29 | 30 | 31 | | | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 30 | 31 | | | | | | | | | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

| apríl | | | | | maí | | | | | júní | | | | |
|-------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|------|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim |
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | | | | | |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 29 | 30 | 31 | | | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 30 | 31 | | | | | | | | | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

| júlí | | | | | ágúst | | | | | september | | | | |
|------|-----|-----|-----|-----|-------|-----|-----|-----|-----|-----------|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim |
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | | | | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 30 | 31 | | | | | | | | | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

| október | | | | | nóvember | | | | | desember | | | | |
|---------|-----|-----|-----|-----|----------|-----|-----|-----|-----|----------|-----|-----|-----|-----|
| sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim | sun | mán | þri | míð | fim |
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | | | | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 30 | 31 | | | | | | | | | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

Litalykill:



Atgæti að losunardagar geta breyt á fyrirlýrara svo sem út af veðri. Hirding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is

